

Lög

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (afturköllun ákvörðunar).

1. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 125. gr. er ráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun nýs sveitarfélags vegna sameiningar sveitarfélaganna Borgarfjarðarhrepps, Djúpvogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar og samþykki viðkomandi sveitarstjórna, að afturkalla ákvörðun sína frá 14. febrúar 2020 um það með hvaða hætti sameining sveitarfélaganna í eitt sveitarfélag öðlast gildi, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Falla þar með allar tengdar ákvarðanir ráðuneytisins skv. 125. gr. úr gildi, svo sem um boðun sveitarstjórnarkosninga, þ.m.t. kosningar til heimastjórna, hinn 18. apríl 2020.

Ráðuneytið skal, að tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags, taka nýja ákvörðun um það með hvaða hætti sameining öðlast gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal ákvörðun ráðuneytisins um afturköllun ákvörðunar skv. 1. gr. liggja fyrir innan þriggja daga frá gildistöku þeirra. Ákvörðun ráðuneytisins skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt á Alþingi 30. mars 2020.